

Að Tónlistarskóla Árneseinga standa öll átta sveitarfélög Árneseyslu og er hann einn stærsti og umsvifamesti tónlistarskóli landsins. Starfsemi skólans fer fram á tólf stöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 500 og um 30 kennarar starfa að jafnaði við sex deildir skólans sem spanna vítt svið hjóðfæra og tónlistarstefna.

Skólinn leggur mikið upp úr hlutverki sínu sem einn af hornsteinum fjölbreytts og skemmtilegs tónlistarlífs í Árneseyslu og sinnir því meðal annars með kröftugu tónleikahaldi, menningarsamskiptum við vinaskóla erlendis og nútímalegum áherslum í stefnumótun og framtíðarsýn skólans.

Skólastjóri Tónlistarskóla Árneseinga

Auglýst er eftir öflugum stjórnanda til að leiða faglegt tónlistarstarf og halda þétt utan um rekstur eins stærsta og umsvifamesta tónlistarskóla landsins. Ráðið er í stöðuna til fimm ára.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Daglegur rekstur skólans
- Áætlanagerð, stjórnun starfsfólks, skipulagning starfsemi
- Leiða faglegt tónlistarstarf skólans
- Samskipti við sveitarfélög og grunnskóla
- Önnur tilfallandi verkefni sem snerta stjórnun skólans

Menntunar- og hæfnikröfur

- Tónlistarmenntun á háskólastigi (kennari 3)
- Stjórnunarmenntun og stjórnunarreynsla æskileg
- Kunnátta á Sibelius, DaCapo og Tónalaun er kostur
- Innsæi í starfsemi tónlistarskóla og þróun tónlistarnáms æskilegt
- Leiðtogafærni og geta til að hrífa fólk með sér
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Fagmennska, metnaður og frumkvæði
- Hugmyndaauðgi og framsýni
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti



Upplýsingar veitir:

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

